Helgafellsskóli

Heiti verkefnis eða námsgreinar: **Íslenska**			
Árgangur:	**2014**	**Námsgreinar:**	**Íslenska**
Tímabil:	**Ágúst - desember 2014**	**Kennarar:**	**Auður Björk Þórðardóttir, Arna Þrándardóttir, Eydís Sól Jónsdóttir, Fanney Dögg Ólafsdóttir og Helga Hermannsdóttir**

Lykilhæfni:

Að nemandi geti:

- **Endurskoðað úrlausn viðfangsefna út frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt.**
- **Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.**
- **Unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla**
- **Tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.**
- **Lagað tjáningu sína að viðmælendum og notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni**

Í skólastarfinu er rík áhersla lögð á að nemendur leggi sig fram við að fara eftir fyrirmælum kennara sem og að nemendur öðlist færni í því að fara eftir einföldum skriflegum fyrirmælum í verkefnavinnu. Einnig er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér vönduð vinnubrögð. Nemendur taka virkan þátt í umræðum og öðlast aukna færni, kjark og þor til þess að tjá sig fyrir framan bekkjarfélaga sína með markvissum æfingum. Sjálfstraust og sjálfsöryggi nemenda styrkist og um leið öðlast nemandi aukna færni í því að gera grein fyrir skoðunum sínum, ásamt því að auka orðaforða sem tengist viðfangsefni hverju sinni.
Með ríkri áherslu á hópstarf og samvinnu nemenda styrkjum við hæfni hvers nemenda til þess að sýna frumkvæði, taka virkan þátt í samstarfi á uppbyggilegan þátt sem og það að ýta undir sjálfstæð vinnubrögð.
Við kynnum til leiks hlutverkin fimm í lestri og eflum þannig skapandi hugsun nemenda og dýpkum um leið skilning og lestraránægju nemenda.
Með innleiðingu áformsbókarinnar ýtum við undir ábyrgð nemenda á eigin námi og námsárangri, og styrkjum um leið enn frekara samstarf milli skóla og heimilis. Hæfniviðmið eru sýnileg svo nemandi og foreldrar geta fylgst með og sjá greinilega hvar nemandi stendur vel og hvar má bæta sig.

Hæfniviðmið námsgreina:

- **Að nemandi þjálfist í að koma fram og tjá sig fyrir framan bekkjarfélaga sína**
- **Að nemandi þjálfist í að beita skýrum og áheyrilegum framburði**
- **Að nemandi þjálfist í að eiga góð samskipti, að geta hlustað og tekið þátt í umræðum**
- **Að nemandi efli málþroska sinn**
- **Að nemandi þjálfist í að fara eftir munnlegum fyrirmælum sem og einföldum skriflegum fyrirmælum**
- **Að nemandi læri einfaldar vísur og ljóð**
- **Að nemandi öðlist þekkingu á því hvernig bók er byggð upp**
- **Að nemandi kynnist hugtökunum sögupersóna, umhverfi og boðskapur**
- **Að nemandi geti spáð fyrir um framhald sögu**
- **Að nemandi geti lesið einföld fyrirmæli**
- **Að nemandi þekki skriftaráttina og haldi rétt á skriffærum**
- **Að nemandi leggi sig fram við að vanda vinnubrögð og frágang**
- **Að nemandi öðlist aukna færni í að skrifa fyrirmyndarsetningu, þ.e.a.s. stór/lítill stafur, bil á milli orða, punktur í lok setningar.**
- **Að nemandi öðlist þjálfun í að skrifa orð eða stuttar setningar um ákveðið efni**

Lýsing verkefnisins og kennsluaðferðir:

Kennslustundir í byrjendalæsi eru byggðar upp á innlögnum frá kennara og samvinnunámi. Nemendur vinna á fjölbreyttum stöðvum ýmist í hópvinnu eða einstaklings verkefni.
Verkefni í vinnubókunum Ritrúnu og Ítalíuskrift eru einstaklings verkefni þar sem unnið er í stuttum lotum.
Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í að koma fram með markvissum æfingum, þar sem nemendur standa fyrir framan bekkinn og tjá sig.
Pals kennslustundir eru samvinnuverkefni en þar vinna nemendur saman í pörum og skiptast á að lesa fyrir hvorn annan og hlusta á og leiðrétta eftir því sem við á.

Helgafellsskóli

Námsgögn: - **Ítalíuskrift 1B** - **Ritrún 1** - **Byrjendalæsis bækurnar; *Ef ég væri ofurhetja, Rusladrekinn, Ég er klárastur og Jól í Ólátagarði.***	**Námsmat/skil á verkefni:** - **Símat** - ***Tekið er tillit til virkni og þátttöku nemenda í kennslustundum. Einnig eru vinnubrögð, vandvirkni og frágangur í vinnubókum metin***